

Ytra mat grunnskóla

Krikaskóli

Október 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mosfellsbæ.

Höfundar: Sigríður Sigurðardóttir, Björg Jónsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson sem mat frístundastarfið.

© Menntamálastofnun, 2021
ISBN 978-9979-0-2708-9

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	5
Innra mat	6
Frístundastarf	6
Skólaprófill.....	8
Upplýsingar um Krikaskóla	9
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun.....	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða.....	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.....	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga.....	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting	12
1.7 Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna.....	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá.....	15
2.2 Árangur náms.....	15
2.3 Gæði kennslu	17
2.4 Skipulag náms	18
2.5 Námsvitund.....	19
2.6 Ábyrgð og þátttaka	19
Þáttur 3 – Innra mat	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd	21
3.3 Umbætur.....	21
Þáttur 4 – Frístundastarf	23
4.1 Börnin í frístund	23
4.2 Starfshættir og viðfangsefni.....	24
4.3 Mannauður og faglegt starf	25
4.4 Bjargir og skipulag.....	25

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Krikaskóla í Mosfellsbæ sem fór fram á haustönn 2021. Lagt var mat á þrjá fyrirfram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Að ósk skóla og sveitarfélags var frístundastarfið metið sem fjórði þáttur. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum og sérstöðu skólans er haldið á lofti í starfinu.
- Lögð er áhersla á að fjalla á jákvæðan hátt um skólastarfið.
- Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvörðunum um skólamál í sveitarfélaginu.
- Stjórnendur funda reglulega með kennarateymum þar sem fjallað er um gæði náms og kennslu.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun innan og utan skólans.
- Stjórnendur hafa skýra faglega sýn á skólastarfið.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem eina heild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.
- Áhersla er lögð á jákvæð samskipti við foreldra.
- Mikill meirihluti foreldra í könnun Skólapúlsins telur að skólanum sé vel stjórnað.
- Starfsfólk er sáttt við hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Starfsþróunarviðtöl eru þrisvar sinnum á ári og starfsmönnum veitt svigrúm til starfsþróunar.
- Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og við verður komið.
- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun og skólastjóri hvetur aðra stjórnendur til starfsþróunar.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Birta ítarlegri símenntunaráætlun á heimasíðu þar sem símenntun skólaárisins er tímasett og tilgreint hverjir sækja hana.
- Virkja foreldra til samráðs um stefnumótun þar sem litið er á þá sem mikilvæga þátttakendur í ákvörðunum um þróun og skipulag starfsins.
- Bæta upplýsingaflæði til foreldra í samráði við þá.
- Birta starfsreglur og fundargerðir foreldrafélags á heimasíðu skólans.
- Skólaráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir ráðsins á heimasíðu.

- Skólaráð haldi opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið.
- Uppfæra heimasíðu þannig að helstu upplýsingar um skólastarfið séu réttar og auðfundnar.
- Setja frístundastarfinu markvissa starfsáætlun og markmið.
- Skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur.
- Endurskoða skólareglur með aðkomu allra hagsmunahópa.
- Skrá verkaskiptingu stjórnanda.
- Stjórnendur fylgist reglulega og markvisst með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Fram komi í gögnum skólans hverjir sitja í teyllum og bera ábyrgð á hinum ýmsu verkefnum.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í skólanámskrá og kennsluáætlunum.
- Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Stuðningur við nemendur fer fram innan námsumhverfis bekkjarins.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.
- Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg á vettvangi.
- Kennslufræðileg hæfni kennara og fjölbreyttir kennsluhættir sáust í vettvangsathugunum.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með nám og kennslu í skólanum.
- Í skólanum er teymiskennsla og bera kennarar sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Reglulega eru samþætt og heildstæð verkefni unnin með þátttöku allra nemenda.
- Nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf nemenda.
- Námsumhverfi skólans er vel nýtt og á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í kennslustundum.
- Nemendur eru þjálfaðir í fjölbreyttum námsaðferðum.
- Skólinn nýtir upplýsingatækni markvisst.
- Nemendur hafa kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl.
- Umræður og skoðanaskipti eru markviss hluti af námi og kennslu.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um nám, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum og sjónarmið þeirra hafa áhrif.
- Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, meðal annars á bekkjarfundum og á skólapingi.

Tækifæri til umbóta

- Skrá og vinna með námsmat til að auka framfarir nemenda og veita foreldrum upplýsingar um stöðu náms og framfarir.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslu og verkefna.
- Fullvinna þarf allar kennsluáætlanir og birta á heimasíðu skólans.
- Setja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda og ljúka við gerð læsisstefnu.
- Setja fram heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur.

- Þjálfar nemendur enn frekar í markvissri samvinnu og samstarfi.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.
- Skrá verkgang um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað í gegnum skólaþing.
- Setja fram í kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttáð.
- Klára nýja eineltisáætlun.
- Gera foreldrum betur grein fyrir áherslum og fyrirkomulagi lestrar- og skriftarkennslu.

Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan og sjálfsgöðan þátt í skólastarfinu.
- Ítarleg skýrsla um innra mat er unnin árlega og birt á heimasíðu.
- Framkvæmdaáætlun fyrir innra mat er í matsskýrslu.
- Niðurstöður samræmdra prófa og lesfimi eru settar fram í matsskýrslu.
- Innra matið byggir á fjölbreyttri gagnaöflun.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum nemenda, starfsmanna og foreldra.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta

- Vinna matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram kemur hvað á að meta og hvenær. Val matsþátta ætti að byggja á stefnu og markmiðum skólans.
- Vinna áætlun um innra mat fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur hvaða þætti er verið að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans og hvernig metið er. Tilgreina einnig viðmið um árangur, tímasetningar og hver ber ábyrgð á matinu á hverjum þætti.
- Meta markmið skólans markvisst og reglubundið.
- Virkja alla starfsmenn í innra mati.
- Stofna matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats.
- Taka saman helstu styrkleika og tækifæri í matsskýrslu.
- Setja fram tímasetta umbótaáætlun út frá tækifærum, tilgreina hver ber ábyrgð á umbótum og einnig hvenær og hvernig á að meta árangur umbótaágerða.
- Kynna niðurstöður og umbætur fyrir öllum hagsmunahópum.

Frístundastarf

Styrkleikar

- Margt er vel gert í samþættingu skóla- og frístundastarfs.
- Mikil þátttaka er í frístund og almenn ánægja barna og foreldra með hana.
- Ánægja er með faglega forystu verkefnistjóra og samskipti við hann.
- Traust og virðing ríkir milli starfsmanna og samskipti og starfsandi eru góð.
- Dagskrá frístundar er faglega vel hugsuð og útfærð.
- Börnin fást við fjölbreytt og áhugaverð verkefni.
- Skapandi viðfangsefni skipa stóran þátt í starfinu.
- Samskipti starfsfólks og barna eru góð, áhersla á gagnkvæma virðingu og uppbyggandi samskipti.
- Börnin líður vel í frístund og sýna viðfangsefnum sínum mikinn áhuga.

- Mikil áhersla er á val og á þátttöku barnanna í ákvörðunum um þau verkefni sem eru í boði.
- Börnin fá mörg tækifæri til að leika sér við fjölbreyttar aðstæður.
- Útileiksvæði skólans er fjölbreytt og vel skipulagt.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf stefnumótun um frístundastarfið.
- Gera þarf starfsfólki kleift að halda formlega undirbúningsfundi.
- Kynna starfslýsingar fyrir starfsmönnum.
- Koma þarf til móts við óskir foreldra um meiri upplýsingar um starfsfólk, dagskrá og viðfangsefni frístundar, til dæmis á heimasíðu skólans.
- Mörg tækifæri liggja í frekari samþættingu skóla- og frístundastarfs.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Krikaskóla

Krikaskóli stendur við Sunnukrika 1 í Mosfellsbæ og hefur verið starfræktur frá árinu 2008. Skólinn var fyrst í bráðabirgðahúsnæði en starfsemi hófst í núverandi húsnæði árið 2010. Skólinn er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum tveggja til níu ára. Við skólann er starfandi frístund sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn verkefnastjóra.

Einkunnarorð Mosfellsbæjar, sem skólinn gerir að sínum, eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja.

Á haustönn skólaárið 2021-2022 eru 96 nemendur í grunnskólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.
Fjöldi nemenda	23	29	25	19
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1
Samkennsluhópar	2. og 3. bekk er samkennt að hluta			

Starfsmenn Krikaskóla eru 55. Grunnskólakennarar eru tíu og allir réttindakennarar. Allir kennarar eru í 100% starfshlutfalli nema einn sem er í 50% stöðugildi. Skólastjóri er í 100% starfshlutfalli og stýrir öllum skólanum; leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi. Aðstoðarskólastjóri er í 100% starfi og sér um faglega þætti í leikskólastarfi og er staðgengill skólastjóra. Verkefnastjóri grunnskóla og verkefnisstjóri sérkennslu eru einnig í fullu starfi. Þroskaþjálfar eru tveir í 100% starfi í grunnskólahlutanum og sinna ýmsum verkefnum í teyllum með kennurum. Stuðningsfulltrúar eru fjórir í mismiklu starfshlutfalli, þeir sinna einnig frístundastarfi. Verkefnastjóri frístundar er í 100% starfshlutfalli og hefur yfirumsjón með öllu frístundastarfi. Verkefnastjórinn er tómstunda- og frístundafræðingur í framhaldsnámi.

Nemendur af erlendum uppruna eru sex. Þrír nemendur eru með íslensku sem annað tungumál. Sjö nemendur eru með einstaklingsnámskrá og 37 fá sérkennslu og/eða aðlagað námsefni.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu 2020-2021 eftir bekkjum (ekki vegna Covid-19):

Bekkur	1.	2.	3.	4.
Fjöldi kest.	7	7	7	6

Skólaárið 2020-2021 var skólanum lokað í þrjá daga vegna Covid-19. Dagleg kennsla var ekki skert vegna Covid-19 hjá neinum árgöngum. Kennsla var felld niður í sundi og íþróttum innanhúss frá 6. október er sundstöðum var lokað og fram til 23. nóvember 2020 var engin sundkennsla. Í stað sundkennslu var því aukið við aðra hreyfingu í skólastarfinu. List- og verkgreinar færðust í hendur umsjónarkennara á tímabilum og aukin áhersla var á slíkt, til dæmis í þemavinnunni.

Krikaskóli fór í úttekt á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2015, sjá [hér](#). Í þessari skýrslu verður fjallað um þá umbótaþætti sem ekki hafa náð að festa sig í sessi frá fyrra mati og þarfnast því enn umbóta.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá. Fram kom hjá skólustjóra í viðtali að stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvörðunum um skólamál í sveitarfélaginu og að verið sé að vinna að nýrri menntastefnu Mosfellsbæjar. Fram kom að leitað var til allra hagsmunahópa við stefnumótunina.

Í skólanámskrá kemur fram að skólinn hefur framsækið skólastarf að leiðarljósi þar sem sérstök áhersla er lögð á að barnið sé virkur og skapandi þátttakandi í námi og starfi. Mikil áhersla er einnig á lýðræði og að hlusta á raddir barna. Unnið er samkvæmt stefnum um jákvæðan aga, stærðfræði byggða á skilningi barna og Byrjendalæsi hefur mótað nálgun við læsi. Skólinn hefur gert gildi Mosfellsbæjar að sínum en þau eru; virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Stefna skólans var sýnileg á vettvangi en gildin voru ekki áberandi á veggjum.

Hjá stjórnendum kom fram að stefna skólans er í stöðugri endurskoðun innanhúss en foreldrar¹ í rýnihópi höfðu ekki komið að stefnumótun. Nemendur koma að mótun starfsins, meðal annars í gegnum árleg skólaþing.

Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu og standast að flestu leyti viðmið aðalnámskrár. Fjallað er um frístundastarfið í skólanámskrá og starfsáætlun en samkvæmt starfsáætlun er unnið að því að setja fram markvissa starfsáætlun fyrir frístundastarfið og setja starfinu frekari markmið. Nánar verður fjallað um þá þætti sem vantar í skólanámskrá og starfsáætlun þar sem það á við hér á eftir.

Fram kom í rýnihópum og viðtölum að stjórnendur leggja mikla áherslu á það jákvæða í skólastarfinu, bæði í daglegu tali og fréttáflutningi.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og skipulag auðveldar slíkt samstarf. Teymiskennsla er í skólanum þar sem kennarar og þroskaþjálfar starfa saman í teyimum. Verkefnastjóri grunnskóla fundar með teymunum einu sinni í viku þar sem fagleg umræða fer fram. Kennarar í rýnihópi nefndu einnig íslenskufundi, stærðfræðifundi og smiðjufundi þegar spurt var um ígrundun og gagnrýna samræðu. Undirbúningstími á milli átta og níu á morgnana var einnig nefndur. Workplace er notað til að deila upplýsingum og skjölum.

¹ Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans. Í skólanámskrá kemur fram að eina viku á ári eru kennarar losaðir úr hefðbundinni kennslu og sinna þá starfendarannsóknum og annarri starfsþróun. Kennarar í rýnihópi sögðust einnig fá tvo daga á hvorri önn þar sem teymið leysir þá af til þess að sækja sér námskeið eða fræðslu. Fram kom að þeir hefðu mikið svigrúm til starfsþróunar.

Matsaðilar fengu senda símenntunaráætlun Krikaskóla fyrir skólaárið 2021-2022. Þar er farið yfir helstu námskeið skólaársins en áætlunin er ekki tímasett eða fjöldi starfsmanna sem sækja námskeið eða aðra símenntun tilgreindur.

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsmannahópurinn er ein liðsheild og að lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg, og samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk. Foreldrar í rýnihópi nefndu að áhersla væri lögð á jákvæðni í samskiptum. Foreldrar þekktu stefnu skólans, hún er til dæmis kynnt á árlegum haustfundum en jafnframt töldu þeir vanta upp á að litið væri á þá sem mikilvæga þátttakendur í ákvörðunum um þróun og skipulag skólastarfsins.

Vikulega eru sendir póstar til foreldra með upplýsingum um starfið en foreldrar í rýnihópi kölluðu þó eftir markvissari upplýsingum, nýta mætti heimasíðuna og samfélagsmiðla betur. Í starfsáætlun 2021-2022 er bætt upplýsingagjöf til foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu eitt af verkefnum sem talin eru upp undir helstu áherslupáttum skólaársins.

Foreldrafélag starfar við skólann og samkvæmt foreldrum í rýnihópi eru samskipti skóla og foreldrafélags góð. Helstu verkefni foreldrafélags eru sett fram á heimasíðu en fram kom í rýnihópi að ráðið hefur ekki sett sér starfsreglur. Fundargerðir ráðsins eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólaráð fundar reglulega og helstu viðfangsefni ráðsins koma fram á heimasíðu. Ráðið hefur ekki sett sér starfsáætlun eða vinnureglur. Eldri fundargerðir ráðsins eru á heimasíðu en engin fundargerð hefur verið sett inn frá því í apríl 2020. Skólaráð hefur ekki haldið opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð kveður á um.²

Skólastjóri og verkefnisstjóri frístundastarfs funda reglulega um frístundastarfið og húsnæði skólans er nýtt fyrir frístundastarfið.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta. Verkefnisstjóri grunnskóla heldur utan um niðurstöður og rýnir í þær ásamt kennurum á reglulegum fundum.

² Reglugerð um skólaráð við grunnskóla, nr. 1157/2008. Kafli 4.

Stjórnendur hafa skýra faglega sýn á skólastarfið og fram kom í viðtölum og rýnihópum að stöðugt er unnið að skólaþróun nemendum til hagsbóta. Skólaárið 2021-2022 er verið að breyta fyrirkomulagi á smiðjum og unnið er að þróunarverkefni sem kallast Jarðarstund og tengist umhverfismálum og sjálfbærni. Af þróunarverkefnum undanfarinna ára má nefna aukið samstarf milli fimm og sex ára barna, innleiðing á Seesaw og stærðfræði byggða á skilningi barna. Stjórnendur eiga aðkomu að umbótaverkefnum en leggja einnig áherslu á að virkja aðra til ábyrgðar á slíkum verkefnum. Kennarar í rýnihópi nefndu starfendarannsóknir sem mikilvægan þátt í þróun starfsins og skólastjóri sagði að þær hefðu að mörgu leyti leitt skólaþróunina.

Ekki er til skráð verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn fjölda kennsludaga en skóladagatalið telur 200 kennsludaga. Vikulegur heildarkennslutími stenst viðmið aðalnámskrár og er þá miðað við að stund í hreiðri fyrst á morgnana og ávaxtastund séu virkur kennslutími.

Helstu upplýsingar um skólastarfið má finna á heimasíðu, þar er meðal annars að finna skólanámskrá, starfsáætlun og flestar kennsluáætlanir. Djúpt er á ýmsum upplýsingum á síðunni og sem dæmi má nefna að skýrsla um innra mat er að finna undir liðnum Hagnýtt, Mat á skólastarfi og Innra mat og starfsáætlun undir liðnum Skólinn, Skólanámskrár. Einnig er að finna úreltar upplýsingar á síðunni, svo sem gamla mats- og skólaþróunaráætlun. Reglulega eru kannanir Skólalúpsins³ lagðar fyrir foreldra. Mikill meirihluti foreldra sem þátt tóku í foreldrakönnun Skólalúpsins vorið 2021, eða 92%, telja skólanum vel stjórnað og er það svipað hlutfall og landsmeðaltal. Fram kom í rýnihópum að starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt og að allar upplýsingar fara í gegnum Workplace.

Skólareglur koma fram í starfsáætlun en þær voru almennt ekki sjáanlegar í skólanum. Allir bekkir gera bekkjarsáttmála sem sjá mátti í rýmum. Kennarar í rýnihópi sögðust ekki nota skólareglurnar mikið en þeir hefðu komið að gerð þeirra á sínum tíma. Hjá skólastjóra kom fram að komið væri að því að endurskoða reglurnar. Í úttektinni frá 2015 var ein af tillögum til umbóta að þörf væri á frekari umræðu um skólareglur. Foreldrar í rýnihópi sögðu að stuðst væri við jákvæðan aga í skólanum en ekki beint reglur.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum í skólasamfélaginu. Skipurit liggur fyrir í starfsáætlun, stjórnendur skipta með sér verkum en verkaskipting stjórnenda er ekki skráð.

Eins og áður hefur komið fram funda stjórnendur reglulega með kennarateymum og verkefnisstjóri grunnskóla fylgist með kennslu en að sögn kennara í rýnihópi er það ekki markvisst. Starfþróunarsamtölum var nýlega breytt og fara þau nú fram þrisvar sinnum á ári. Skólastjóri tekur viðtal við allt starfsfólk og kennarar í rýnihópi voru ánægðir með það fyrirkomulag.

³ Skólalúpsinn er vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Kennarar í rýnihópi sögðu að menntun þeirra og sérhæfing nýttist vel, skipað væri markvisst í teymin út frá þessum þáttum og styrkleikar þeirra og áhugasvið nýttust í smiðjum. Einnig kom fram í rýnihópum og viðtölum að starfsmönnum er hrósað þegar við á.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni sína og annarra í skólanum. Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun og skólastjóri lauk nýlega meistaranámi í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun. Fram kom í rýnihópum og viðtölum að skólastjóri hvetur aðra stjórnendur og starfsfólk til starfsþróunar.

Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans bera ábyrgð á hinum ýmsu verkefnum. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsfólki finnst það njóta trausts, eða eins og einn þátttakandi orðaði það „manni er treyst fyrir verkefnum.“

Eins og áður hefur komið fram starfa kennarar og þroskaþjálfar í teyimum en önnur teymi eru einnig starfandi og má þar nefna öryggisteymi. Ekki er skráð í gögnum skólans hverjir sitja í hinum ýmsu teyimum.

Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum og sérstöðu skólans er haldið á lofti í starfinu.
- Lögð er áhersla á að fjalla á jákvæðan hátt um skólastarfið.
- Stjórnendur eiga aðkomu að stefnumótun og ákvörðunum um skólamál í sveitarfélaginu.
- Stjórnendur funda reglulega með kennarateyimum þar sem fjallað er um gæði náms og kennslu.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega meðal starfsmanna.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun innan og utan skólans.
- Stjórnendur hafa skýra faglega sýn á skólastarfið.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem eina heild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.
- Áhersla er lögð á jákvæð samskipti við foreldra.
- Mikill meirihluti foreldra í könnun Skólalúpsins telur að skólanum sé vel stjórnað.
- Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta.
- Starfsþróunarviðtöl eru þrisvar sinnum á ári og starfsmönnum veitt svigrúm til starfsþróunar.
- Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara eins og við verður komið.
- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun og skólastjóri hvetur aðra stjórnendur til starfsþróunar.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts.

- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Birta ítarlegri símenntunaráætlun á heimasíðu þar sem símenntun skólaárisins er tímasett og tilgreint hverjir sækja hana.
- Virkja foreldra til samráðs um stefnumótun þar sem litið er á þá sem mikilvæga þátttakendur í ákvörðunum um þróun og skipulag starfsins.
- Bæta upplýsingaflæði til foreldra í samráði við þá.
- Birta starfsreglur og fundargerðir foreldrafélags á heimasíðu skólans.
- Skólaráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur og birta fundargerðir ráðsins á heimasíðu.
- Skólaráð haldi opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið.
- Uppfæra heimasíðu þannig að helstu upplýsingar um skólastarfið séu réttar og auðfundnar.
- Setja frístundastarfinu markvissa starfsáætlun og markmið.
- Skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur.
- Endurskoða skólareglur með aðkomu allra hagsmunahópa.
- Skrá verkaskiptingu stjórnanda.
- Stjórnendur fylgist reglulega og markvisst með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Fram komi í gögnum skólans hverjir sitja í teyrum og bera ábyrgð á hinum ýmsu verkefnum.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Meginstefna stjórnvalda er sýnileg í störfum skólans og borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda. Skólanámskrá birtist á heimasíðu og skiptist hún í almennan hluta, árganganámskrár og umfjöllun um námssvið og námsgreinar. Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í almennum hluta og í árganganámskrám og fram kemur hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda. Fjallað er um námsaðlögun í kaflanum um námssvið og námsgreinar en ekki í kennsluáætlunum.

Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer fram innan námsumhverfis bekkjarins sem ýmist kennarar, þroskaþjálfar eða stuðningsfulltrúar sinna. Stuðningur er fjölbreyttur og skipulagður út frá einstaklingsnámskrá sem unnin er innan ramma bekkjarnámskrár. Stoðþjónusta er að hluta til lýst í starfsáætlun en heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur er ekki fyrir hendi í skólanum.

2.2 Árangur náms


Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda. Í rýnihópi kennara kom fram að fylgst er með framvindu náms en námsmatið er ekki skráð rafrænt, heldur í persónumöppur þar sem gögnin eru geymd fyrir kennara og stjórnendur. Foreldrar í rýnihópi töluðu um að þá skorti yfirsýn yfir námsárangur barnanna og fram komu óskir um að námsmatið væri skráð rafrænt.

Ekki hefur verið sett fram stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda en fram kom í rýnihópum og viðtölum að læsisstefna skólans er í endurskoðun.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0-60, meðaltalið er 30.


Árangur nemenda 4. bekkjar í samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði er nú um eða yfir meðaltali.



Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraða og öryggi) nemenda. Myndir 5 og 6 sýna leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit) á mynd 5.



Mynd 5. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiðs.

Þegar línuritið á mynd 6 er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línan) er yfir landsmeðaltali (rauða línan) í öllum árgöngum nema 4. bekk.

Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Krikaskóli, maí 2021



Mynd 6. Meðaltal lesinna orða og viðmið.

Samkvæmt gögnum skólans eru lesfímipróf lögð fyrir nemendur þrisvar á hverju skólaári.

Skólapúlsinn

Skólaárið 2020-2021 lagði skólinn í fyrsta sinn könnun Skólapúlsinn fyrir nemendur þar sem spurt er um ánægju af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum. Nemendur í Krikaskóla hafa marktækt meiri ánægju af lestri en nemendur annarra þátttökuskóla þar sem meðaltalið var 5,2 hjá skólanum en landsmeðaltalið 4,8. Ánægja nemenda með skólann var svipuð og landsmeðaltal.


Vellíðan nemenda í heild er rétt undir landsmeðaltali en einn árgangur er marktækt undir landsmeðaltali. Þessar niðurstöður eru teknar saman í skýrslu um innra mat skólans þar sem fram kemur að unnið verði með þær. Eineltisáætlun skólans er aðgengileg á heimasíðu en í rýnihópi stjórnenda kom fram að verið er að endurvinnna hana.

2.3 Gæði kennslu

Störf kennara endurspeglar stefnu og markmið skólans um kennsluhætti og á vettvangi var kennslufræðileg hæfni kennara sýnileg. Matsaðilar fylgdust með 12 kennslustundum, sem flestar voru 80 mínútna langar, hjá níu kennurum. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar, tvær voru metnar frábærar en í nokkrum kennslustundum töldu matsaðilar að umbóta væri þörf og í þeim tilfellum hefði mátt nýta tíma nemenda betur. Fjölbreyttir kennsluhættir sáust á vettvangi og voru kennslustundirnar almennt vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur, en nemendum var sjaldan gerð grein fyrir markmiðum kennslustundarinnar. Kennsluáætlanir eru á heimasíðu skólans fyrir allar greinar nema þær sem kenndar eru undir heitinu þema.

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjú flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Á vettvangi sáu matsaðilar blandaðar kennsluaðferðir í helmingi kennslustundanna eins og fram kemur á mynd 7. Leiðbeinandi athafnir sáust oftast en að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið, eða í fjórðungi þeirra.




Mynd 7. Kennsluathafnir

2.4 Skipulag náms

Kennarar vinna saman að því að skapa fjölbreyttar námsaðstæður fyrir nemendur. Teymiskennsla er í skólanum þar sem teymin skipta með sér umsjón, undirbúa sig saman og bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu. Samkvæmt skólanámskrá eru allar náttúrugreinar og samfélagsgreinar kenndar samþætt undir heitinu þemaverkefni og ná þau verkefni einnig inn í íslensku, stærðfræði og list- og verkgreinar. Á vettvangi sást að þessir tímar voru skipulagðir sem stöðvavinna. Í rýnihópum kom fram að nemendur vinna einnig nokkur heildstæð og samþætt verkefni á ári og sum þeirra ná heildstætt yfir leik- og grunnskólann. Í foreldrakönnun Skólapúlsins frá vori 2021 er ánægja foreldra með nám og kennslu marktækt meiri en í öðrum þátttökuskólum. Foreldrar í rýnihópi höfðu þó áhyggjur af lestrar- og skriftarkennslu í skólanum.

Námsumhverfi er nýtt á fjölbreyttan hátt til náms og styðja námsaðstæður við sköpunarþörf nemenda. Á vettvangi sáust nemendur meðal annars reikna á glugga, hengja upp listasýningar á ganginum og nýta nærliggjandi svæði til að vinna verkefni. Nemendur fá einnig svigrúm til umræðna og raddir þeirra heyrast í skólastarfinu.

Kennslustundir í ytra mati eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að einstaklingsvinnu, samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Nemendur unnu einir að námi sínu í 50% af metnum kennslustundum en samvinna og blandaðar kennslustundir voru í 25% tilfella.



Mynd 8. Námsathafnir

Nemendur nýta sér upplýsingatækni til að afla sér þekkingar en á vettvangi sást upplýsingatækni notuð í 42% kennslustunda af nemendum en í 50% kennslustunda af kennurum. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun upplýsingartækni ef einn eða fleiri nemendur nýta snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari nýtir upplýsingatækni svo sem varpar upp mynd/glærum.

2.5 Námsvitund

Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og á vettvangi sást að þeir voru almennt áhugasamir um nám sitt. Þeir hafa kost á að velja sér námsaðferðir en setja sér ekki markmið í náminu, né hafa þeir fengið þjálfun í því. Á vettvangi sást að ekki er gert ráð fyrir því að allir nemendur sitji við borð heldur er boðið upp á fjölbreytta staði og svæði til að vinna á. Þannig gátu nemendur stýrt því hvort þeir sætu á gólfi, úti í glugga eða í öðru rými á svæðinu. Matsaðilar sáu einnig að nemendur fengu ýmis ábyrgðarhlutverk eins og að fara yfir hvernig veðrið væri, hvaða mánaðardagur, vikudagur og mánuður væri og að sækja ávexti. Nemendur í rýnihópi sögðu frá því að þau skiptist á að taka til og sópa.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samskiptin í skólasamfélaginu eru metin af öllum rýnihópum sem jákvæð og að þau einkennist af virðingu. Í foreldrakönnun Skólapúlsins frá vori 2021 eru foreldrar í Krikaskóla marktækt ánægðari með samskipti starfsfólks við nemendur en foreldrar í öðrum þáttökuskólum.

Nemendalýðræði er virkt í skólanum þar sem árlega eru haldin skólaþing þar sem sjónarmiða um nám og líðan nemenda er leitað en ekki er til opinbert verklag um framkvæmdina. Í skólanámskrá kemur fram að lýðræði er hluti af stefnu skólans og þar segir að lögð skuli áhersla á að barnið sé „virkur og skapandi þátttakandi í námi og starfi.“

Hver skóladagur hefst í hreiðri þar sem oft er opin umræða auk þess sem bekkjarfundir eru nýttir til að ræða málin og þjálfva nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í rýnihópi nemenda kom fram að mál væru sett á dagskrá til að taka fyrir á bekkjarfundum. Á vettvangi sást að nemendur hafa

oft tækifæri til að hafa áhrif á námið sitt og að á þá er hlustað ef þeir leggja til aðrar námsleiðir eða koma með hugmyndir.

Styrkleikar

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í skólanámskrá og kennsluáætlunum.
- Í skólanámskrá kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Stuðningur við nemendur fer fram innan námsumhverfis bekkjarins.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.
- Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg á vettvangi.
- Kennslufræðileg hæfni kennara og fjölbreyttir kennsluhættir sáust í vettvangsathugunum.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með nám og kennslu í skólanum.
- Í skólanum er teymiskennsla og bera kennarar sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Reglulega eru samþætt og heildstæð verkefni unnin með þátttöku allra nemenda.
- Nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf nemenda.
- Námsumhverfi skólans er vel nýtt og á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í kennslustundum.
- Nemendur eru þjálfaðir í fjölbreyttum námsaðferðum.
- Skólinn nýtir upplýsingatækni markvisst.
- Nemendur hafa kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl.
- Umræður og skoðanaskipti eru markviss hluti af námi og kennslu.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um nám, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum og sjónarmið þeirra hafa áhrif.
- Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, meðal annars á bekkjarfundum og á skólapingi.

Tækifæri til umbóta

- Skrá og vinna með námsmat til að auka framfarir nemenda og veita foreldrum upplýsingar um stöðu náms og framfarir.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslu og verkefna.
- Fullvinna þarf allar kennsluáætlanir og birta á heimasíðu skólans.
- Setja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda og ljúka við gerð læsisstefnu.
- Setja fram heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur.
- Þjálfva nemendur enn frekar í markvissri samvinnu og samstarfi.
- Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.
- Skrá verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað í gegnum skólaping.
- Setja fram í kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttáð.
- Klára nýja eineltisáætlun.
- Gera foreldrum betur grein fyrir áherslum og fyrirkomulagi lestrar- og skriftarkennslu.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólastarfinu. Helstu upplýsingar um innra matið er að finna í matsskýrslu sem birt er á heimasíðu en einnig er lauslega fjallað um matið í skólanámskrá og starfsáætlun. Matsáætlun til lengri tíma liggur ekki fyrir og ekki heldur nákvæm áætlun fyrir skólaárið en í matsskýrslu er framkvæmdaáætlun fyrir matið.

Sjálfsmat teyma er reglulegur þáttur í starfinu. Samkvæmt matsskýrslu metur hvert teymi starf vetrarins og fer yfir niðurstöðurnar með stjórnendum. Niðurstöður eru dregnar saman í SVÓT greiningu í matsskýrslu. Í skýrslunni kemur fram að einnig er óskað eftir slíku mati frá þeim sem stýra ákveðnum verkefnum.

Markmið skólans eru ekki metin markvisst í innra matinu og val matsþátta byggir ekki með skýrum hætti á stefnu og markmiðum. Ekki eru sett viðmið um árangur er varða innra matið.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda og sjá þeir um framkvæmd þess þar sem ekkert matsteymi starfar við skólann. Gagnaöflunaraðferðir eru fjölbreyttar, byggt er á könnunum Skólapúlsins sem lagðar eru fyrir foreldra og einnig var könnun Skólapúlsins lögð fyrir nemendum í fyrsta skipti skólaárið 2020-2021. Starfsmannakannanir eru lagðar fyrir af Mosfellsbæ og eru niðurstöður þeirra nýttar í innra matið. Aðrar gagnaöflunarleiðir eru meðal annars starfsmannasamtöl, skólaþing með nemendum og áður nefnt sjálfsmat teyma. Niðurstöður samræmdra prófa og lesfimi eru einnig settar fram í matsskýrslu en þær eru ekki greindar frekar í skýrslunni og ekki settar fram umbótaáðgerðir þó að unnið sé með niðurstöðurnar til að bæta nám nemenda. Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.

3.3 Umbætur

Fram kom hjá skólastjóra í viðtali að umbótaáætlun er samofin starfsáætlun. Í starfsáætlun er kafli þar sem farið er yfir helstu umbótaverkefni sem liggja fyrir á nýju skólaári og heitir sá kafli Áherslur skólaársins. Umbætur eru ekki tímasettar eða tilgreint hver á að bera ábyrgð á að þær komist í framkvæmd. Ekki er heldur fjallað um hvenær eða hvernig eigi að meta árangur aðgerðanna. Athugasemdir voru gerðar við umbótaáætlun í úttekt á skólanum árið 2015.

Fram kom í flestum rýnihópum að niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar fyrir starfsfólki og í þeim hópi eru umbætur ræddar, starfsmenn í frístund könnuðust þó ekki við innra mat. Í rýnihópi skólaráðs kom fram að niðurstöður innra mats eru kynntar fyrir ráðinu en að umbætur væru ekki ræddar. Foreldrar í rýnihópi þekktu innra mat en könnuðust ekki við að hafa fengið formlega kynningu á niðurstöðum.

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan og sjálfsgöðan þátt í skólalastarfinu.
- Ítarleg skýrsla um innra mat er unnin árlega og birt á heimasíðu.
- Framkvæmdaáætlun fyrir innra mat er í matsskýrslu.
- Niðurstöður samræmdra prófa og lesfimi eru settar fram í matsskýrslu.
- Innra matið byggir á fjölbreyttri gagnaöflun.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum nemenda, starfsmanna og foreldra.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta

- Vinna matsáætlun til nokkurra ára þar sem fram kemur hvað á að meta og hvenær. Val matsþátta ætti að byggja á stefnu og markmiðum skólans.
- Vinna áætlun um innra mat fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur hvaða þætti er verið að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans og hvernig metið er. Tilgreina einnig viðmið um árangur, tímasetningar og hver ber ábyrgð á matinu á hverjum þætti.
- Meta markmið skólans markvisst og reglubundið.
- Virkja alla starfsmenn í innra mati.
- Stofna matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats.
- Taka saman helstu styrkleika og tækifæri í matsskýrslu.
- Setja fram tímasetta umbótaáætlun út frá tækifærum, tilgreina hver ber ábyrgð á umbótum og einnig hvenær og hvernig á að meta árangur umbótaáðgerða.
- Kynna niðurstöður og umbætur fyrir öllum hagsmunahópum.

Þáttur 4 – Frístundastarf

Fjórði matsþátturinn er val sveitarfélags og skóla og í Krikaskóla var óskað eftir að fá mat á frístundastarfinu í skólanum. Til að meta það var stuðst við viðmið Menntamálastofnunar um gæði frístundastarfs. Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru í ytra mati og fjórði þátturinn er ekki tekinn inn í prófílmmynd skólans.

Fyrirkomulag frístundastarfs

Frístundastarf er í boði frá því að leikskólastarf hefst að hausti og eins að vori, sem og í jóla- og páskaleyfum. Dagskrá á skólatíma er þannig að skólinn er opinn nemendum frá kl. 7:30 á morgnana. Nemendum er þá boðið að koma inn á svæði í skólanum sem skilgreint er sem aðalsvæði frístundastarfsins, en það er við enda aðalgangs skólans, á heimasvæði 4. bekkjar og í list- og verkgreinastofum sem eru inni af sama gangi. Við komu var öllum börnum sérstaklega heilsað og starfsmaður átti þá stutt spjall við hvert þeirra.

Annað starf merkt frístund á venjulegum skólatíma er morgunverður á sal skólans, kl. 8:30-9:00. Þá eiga nemendur stutta stund, kl. 9:00-9:10, í svokölluðu hreiðri (heimakrök) með umsjónarkennurum sínum þar sem farið er yfir dagskipulag. Þá fellur ávaxtastund, kl. 10:30-10:40, undir frístund, en hún fer fram á heimasvæði nemenda og kennarar lesa þá gjarnan framhaldssögu fyrir börnin. Kl. 11:10 / 11:20-12:30 er matar- og útiverutími og kl. 14:00 fara þeir nemendur sem skráðir eru í frístund á aðalsvæði hennar og velja sér viðfangsefni í smíðjum eða klúbbum.

Mikil þátttaka er í frístundinni, 91 af 97 nemendum skólans nýta hana, að minnsta kosti að hluta. Um helmingur nemenda nýtir sér morgunverð í skólanum og allir nemendur skólans eru í áskrift að hádegisverði.

Mikill sveigjanleiki er í þessari þjónustu og geta nemendur og foreldrar nýtt sér hana alla eða aðeins að hluta. Þetta gildir einnig um morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Á starfsdögum er önnur dagskrá í boði, sem og utan skólatíma. Þá er áhersla á heildstæða og fjölbreytta daga, útiveru og gjarnan farið í vettvangsferðir eða efnt til sérstakra viðburða.

4.1 Börnin í frístund

Fylgst var með starfinu í þrjá daga, frá mánudegi til miðvikudags. Starfið fór rólega af stað á morgnana og fá börn mæta fyrr en upp úr kl. 8. Í öllum tilvikum gengu börnin að viðfangsefnum sem þau völdu og hófust handa og voru að verki nánast allan frístundatímann. Fyrsta hálf tímann er einn starfsmaður á svæðinu (forstöðumaður) en eftir því sem á líður fjölga þeim. Andrúmsloftið í morgunstundinni var mjög afslappað. Mörg börn völdu að teikna, lita eða spila og þá gjarnan við starfsmann. Þá sátu nokkur börn að jafnaði í sófa á ganginum, einkum drengir og skoðuðu saman bók. Á frístundasvæðinu eru tvö stór taflborð og var jafnan setið við þau, að tafla eða leik með taflmenn. Þegar klukkan fór að nálgast 8:30 fjölgaði börnunum hratt og þá varð áberandi samræða barnanna í hópum, oftast stúlkur saman og drengir saman og varð þá ögn hávaðasamara á svæðinu, en bragur jafnan góður. Einn morguninn fann drengur kassa með sokkabréfum og varð það fljótlega að leik margra. Þær stundir sem fram fóru í hreiðrum fóru allar vel fram og hið sama gildir um ávaxtastundina.

Tvisvar var fylgst með útiveru og voru börnin í fjölbreyttum leikjum víða um lóðina; knattspyrna greinilega vinsælust og þar tók verkefnisstjóri frístundar virkan þátt.

Matmálstími fór vel fram. Starfsfólk matast með börnunum og áhersla er á notalegar samræður um það sem er á döfinni. Börnin aðstoða gjarnan við frágang og eins var um síðdegishressinguna. Áhersla er á hollustu og að matur sé sem mest eldaður frá grunni.

Í síðdegisfrístundinni gengu börnin fyrst að töflu á aðalsvæði þar sem búið var að setja reiti fyrir þau viðfangsefni sem voru í vali þann daginn. Börnin tóku segulplötu með mynd af sér og nafni og settu í viðkomandi reit til að sýna val sitt. Þá viku sem matsaðilar voru á vettvangi voru eftirfarandi viðfangsefni í vali: listasmiðja, kubbamiðja, legó, útivera, danssmiðja (Just Dance), íþróttafjör (kynning á þeim íþróttum sem eru í boði hjá íþróttafélagi bæjarins), holukubbasmiðja, tónlistarsmiðja, spil, litasmiðja, myndasöguklúbbur og Pókemonklúbbur. Þó áhersla væri á að börnin héldu sig við val sitt máttu þau skipta um viðfangsefni. Börnunum er einnig frjálst að setja fram hugmyndir að öðrum verkefnum. Myndasögusmiðjan sem var í boði var byggð á hugmynd frá barni.

Fjölbreytt viðfangsefni eru í boði og börnin voru greinilega sátt við framboðið. Áberandi var að börnin kusu oft að vinna í návist starfsmanns og oft mátti heyra samræður starfsfólks við börnin. Börnin sóttu mjög í myndlistarverkefni og myndlistarkennarinn hvatti börnin áfram með spurningum og ábendingum.

Nemendur í rýnihópi lýstu mjög jákvæðum viðhorfum til frístundarinnar og þegar nemendur voru spurðir hvað þeim þætti skemmtilegt í skólanum nefndu fjögur af sex viðfangsefni sem tengdust henni.

4.2 Starfshættir og viðfangsefni

Mosfellsbær hefur ekki sett sveitarfélaginu sérstaka stefnu um frístundastarf. Á hinn bóginn hafa verið samþykktar reglur um starfið undir heitinu *Frístundasel – Reglur vegna þjónustu heilsdagsskóla* sem finna má á heimasíðu skólans. Þær voru settar 2016 en nú er unnið að mótun nýrrar stefnu. Í núgildandi reglum er meðal annars lýst meginmarkmiðum starfsins og fjallað um starfsmenn og skipulag. Settar hafa verið reglur um fjölda barna á starfsmann og fram kom hjá skólastjóra að þeim er fylgt. Í skólanámskrá skólans er lögð áhersla á samþættingu starfsins í skólanum og henni og samfellu í starfinu lýst sem sérkennum skólans. Áhersla er á heildstætt uppeldis- og skólastarf:

Með virkri þátttöku allra er hluta frístundarstarfs fleytt inn í skóladag barnanna með það að marki að minnka álag og hraða í hversdegi barna. Hugmyndir um endurheimt barna á orku sinni, hvíld og slökun ásamt því að nema á fjölbreyttan hátt, er lykilatriði í frístundarstarfi skólans (Skólanámskrá Krikaskóla, 2021, bls. 8).

Í viðtölum við verkefnisstjóra og starfsmenn kom fram áhersla þeirra á fjölbreytt viðfangsefni, sköpun, frelsi, sjálfstæði og val barnanna, góð samskipti og vellíðan. Hlustað er eftir hugmyndum barnanna og um tíma var þeim safnað í hugmyndakassa. Starfsmenn lögðu áherslu á að samræður þeirra við börnin í dagsins önn skiptu miklu. Nokkur elstu barnanna kjósa að velja sér að aðstoða leikskólabörnin og var það mat allra að það hefði gefið góða raun og að þau eldri leystu það verkefni af alvöru og ábyrgð.

Nokkrum sinnum á skólaárinu, m.a. þegar kennarar sinna starfendarannsóknum, er efnt til sérstakra viðburða. Nefna má viðburði í tengslum við hrekkjavöku, heimsókn í Ævintýralandið, öskudagsgleði, leikjadag á Klambratúni og *Krikó got talent* sem er, eins og nafnið bendir til, viðburður þar sem börnin koma fram með sjálfvalin atriði sem lögð eru fyrir áheyrendur og dómnefnd.

Í Krikaskóla eru fá börn með annað móðurmál en íslensku, en hópurinn engu að síður afar fjölbreyttur. Í vettvangsathugunum mátti sjá að starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Áberandi var að öll börnin í frístund fundu sér viðfangsefni sem þau leystu af áhuga.

Foreldrar eru ánægðir með viðfangsefni barnanna og samskiptin við starfsfólk, einkum við verkefnisstjóra. Í könnun Skólapúlans á síðasta ári voru foreldrar marktækt ánægðari með tómtundaþjónustu skólans en foreldrar í öðrum þátttökuskólum. Helstu athugasemdir foreldra um frístundastarfið voru að fá betri upplýsingar um starfsmenn sem og um viðfangsefni í frístundinni. Nýlega var boðið upp á viðtöl við verkefnisstjóra og kom fram ánægja með það. Fram kom óánægja með að þess væru dæmi að börn færu heim með öðrum börnum án leyfis. Að sögn verkefnisstjóra hefur verið tekið á þessum vanda. Þá var bent á að ekki væri nægilega skýrt hvenær þau börn sem ekki eru í frístund mættu koma í skólann á morgnana.

4.3 Mannauður og faglegt starf

Alls starfa fjórir starfsmenn í frístund, auk verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri hefur lokið námi í tómtundafræði og diplómunámi í stjórnun og er á sínu þriðja starfsári í Krikaskóla. Einn starfsmanna er að ljúka tómtundafræðinámi og annar, myndlistarkennari skólans, er kennaramenntaður, en hann vinnu jöfnum höndum í frístund og skólanum og verkefni undir stjórn hans flæða gjarnan á milli.

Verkefnisstjóri hefur forystu um mótun starfsins í nánu samstarfi við skólastjóra. Í samtali við starfsmenn kom fram að þeir telja yfirmenn sína mjög móttækilega fyrir hugmyndum þeirra og að styrkleikar þeirra fengju að njóta sín í starfinu. Áhersla væri á að nýta sérþekkingu þeirra og áhugamál. Þannig hefur einn þeirra, sem er menntaður hljóðmaður, boðið upp á viðfangsefni á sínu sviði. Í hópnum væri mjög góður starfsandi og samstarf við stjórnendur gott; verkefnisstjóri væri góður faglegur leiðtogi. Vel væri tekið á móti nýjum starfsmönnum og upplýsingastreymi gott. Starfsmenn í rýnihópi könnuðust ekki við starfslýsingar. Sá vandi hefur verið í starfinu að ekki hefur fundist nægilegur tími til reglulegra, formlegra funda.

Að mati starfsmanna háði það starfinu á þeim tíma, sem vettvangsathuganir í tengslum við ytra matið fóru fram, að ekki var aðgangur að íþróttasal skólans, en hann er yfirleitt mikið notaður í tengslum við frístundastarfið.

Í rýnihópasamtali við foreldra kom fram að þeir óska eftir betri kynningu á starfsfólkinu. Boðið hefur verið upp á viðtöl foreldra við verkefnisstjóra og hefur það mælst mjög vel fyrir. Þá hefur verkefnisstjóri kynnt starfið í tengslum við námskynningar.

4.4 Bjargir og skipulag

Frístundastarfinu er ekki ætlað sérstakt húsnæði, heldur eru hin ýmsu rými í skólabyggingunni nýtt; gangar, námsrými, sérkennslustofur og leiksvæði. Starfsfólk telur þessa aðstöðu fullnægjandi, þó

nokkur þrengsli skapist á morgnana þegar formlegt skólastarf er í þann mund að hefjast. Húsnæði frístundar uppfyllir skilgreiningu á rýmispörf. Aðgengismál eru í góðu lagi.

Grunnupplýsingar um tímasetningar í frístundastarfinu eru aðgengilegar á heimasíðu skólans, en mættu vera fyllri um innra starf og viðfangsefni.

Á starfssvæðum frístundar er aðgangur að fjölbreyttum efnivið. Skólinn er vel búinn bókum, snjalltækjum, spilum, leikföngum og öðrum björgum sem vel henta til frístundastarfs. Útileiksvæði skólans er vel skipulagt og býður upp á fjölbreytta möguleika.

Sérstaka athygli vakti hversu ríkt safn skólinn á af vönduðum kubbum, m.a. einingakubbum, holukubbum og legókubbum sem nýttir voru til fjölbreyttra og skapandi viðfangsefna, bæði í frístund og smiðjum.

Styrkleikar

- Margt er vel gert í samþættingu skóla- og frístundastarfs.
- Mikil þátttaka er í frístund og almenn ánægja barna og foreldra með hana.
- Ánægja er með faglega forystu verkefnistjóra og samskipti við hann.
- Traust og virðing ríkir milli starfsmanna og samskipti og starfsandi eru góð.
- Dagskrá frístundar er faglega vel hugsuð og útfærð.
- Börnin fást við fjölbreytt og áhugaverð verkefni.
- Skapandi viðfangsefni skipa stóran þátt í starfinu.
- Samskipti starfsfólks og barna eru góð, áhersla á gagnkvæma virðingu og uppbyggandi samskipti.
- Börnin líður vel í frístund og sýna viðfangsefnum sínum mikinn áhuga.
- Mikil áhersla er á val og á þátttöku barnanna í ákvörðunum um þau verkefni sem eru í boði.
- Börnin fá mörg tækifæri til að leika sér við fjölbreyttar aðstæður.
- Útileiksvæði skólans er fjölbreytt og vel skipulagt.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf stefnumótun um frístundastarfið.
- Gera þarf starfsfólki kleift að halda formlega undirbúningsfundi.
- Kynna starfslýsingar fyrir starfsmönnum.
- Koma þarf til móts við óskir foreldra um meiri upplýsingar um starfsfólk, dagskrá og viðfangsefni frístundar, til dæmis á heimasíðu skólans.
- Mörg tækifæri liggja í frekari samþættingu skóla- og frístundastarfs.